

## Innvigtun mjólkur og nýting framleiðsluréttar

### INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2020 OG 2021


Heildarinnvigtun aðildarfélaga SAM árið 2021 var 148,8 milljónir lítra. Innvigtun minnkaði um 2.352.400 lítra milli ára, eða 1,6%. Framleiðsla fyrri sex mánuði ársins var 3% lægri en árið á undan, en á seinni hluta ársins var innvigtun afar svipuð og árið á undan. Mánaðarleg innvigtun síðustu tveggja ára er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2019 og 2020, lítrar.

Mánuður	2020	2021	Mismunur	Mismunur %
Janúar	12.781.216	11.970.526	-810.690	-6,3%
Febrúar	12.407.793	11.746.105	-661.688	-5,3%
Mars	13.667.643	13.965.555	297.912	2,2%
Apríl	13.576.797	13.252.942	-323.855	-2,4%
Mái	13.832.282	13.570.460	-261.822	-1,9%
Júní	14.040.373	13.393.059	-647.314	-4,6%
Júlí	13.197.378	13.073.968	-123.410	-0,9%
Ágúst	12.116.295	12.407.437	291.142	2,4%
September	11.472.550	11.368.782	-103.768	-0,9%
Október	11.242.594	10.946.289	-296.305	-2,6%
Nóvember	10.939.324	11.349.840	410.516	3,8%
Desember	11.905.903	11.782.785	-123.118	-1,0%
Samtals	151.180.148	148.827.748	-2.352.400	-1,6%

### VIKULEG INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2019, 2020 OG 2021

Vikuleg innvigtun mjólkursamlaganna sveiflast yfir árið. Mest var innvigtun í lok maí en minnst í lok október. Innvigtun í lok október 2021 var 81% af hámarksinnvigtun í lok maí.




Mynd 1: Vikuleg innvigtun mjólkur

## INNVIKTUN OG FJÖLDI MJÓLKURFRAMLEIÐENDA


Meðalinnvigtun á hvern framleiðenda var 286.207 lítrar árið 2021 og hafði aukist um 5.203 lítra frá árinu 2020. Á síðustu tíu árum, frá árinu 2011, hefur meðalinnvigtun á hvern framleiðenda aukist um 102.978 lítra eða um 56%.

Síðustu tíu ár hefur framleiðendum að meðaltali fækkað um 16 á ári, en á síðasta ári fækkaði um 18 framleiðendur. Yfirlit um þróun á meðalinnvigtun og fjölda framleiðenda er sýnd á mynd 2.




Mynd 2: Fjöldi mjólkurframleiðenda og meðalinnvigtun árin 1980 – 2021.

Frá 1980 til 2020 jókst innvegið mjólkurmagn hjá afurðastöðvum landsins um 41%, eða úr 107 í rúma 151 millj.lítra. Á sama tíma fækkaði mjólkandi kúm um 23% og losun gróðurhúsalofttegunda, að öðru jöfnu, lækkað um svipað hlutfall. Yfirlit um þróun fjölda mjólkurkúa og heildarinnvigtunar frá 1980 til 2020 er sýnt á mynd 3.




Mynd 3: Fjöldi mjólkurkúa og heildarinnvigtun árin 1980 – 2020.

Þegar saman fer aukin framleiðsla og fækkun kúa er ljóst að innvigtun frá hverri mjólkandi kú hefur hækkað á tímabilinu, en hækkun innvigtunar á hverja kú (hærri nyt) frá 1980 til 2020 var um 83%. Stærsti hluti aukinnar nyttar hefur komið á síðustu 20 árum. Hluti af aukinni framleiðslu frá hverju kúabúi skýrist af hækkun innvigtunar á hverja mjólkandi kú, en fjölgun kúa á hverju kúabúi skýrir einnig aukna framleiðslu á hvert bú. Hækkun innvigtunar á grip og hækkun meðalfjölda á kúabúi frá 1980 til 2020 er birt myndrænt á myndum 4 og 5 hér á eftir:



Mynd 4: Innvigtun á grip 1980 - 2020



Mynd 5: Meðalfjöldi kúa á kúabúi 1980 - 2020

## NÝTTUR FRAMLEIÐSLURÉTTUR VERÐLAGSÁRIÐ 2021

Samkvæmt uppgjöri sem unnið er af SAM, byggt á upplýsingum frá Matvælaráðuneytinu 17. febrúar 2022, var skráð framleiðsla mjólkur árið 2021 alls 148.858.856 lítrar, en greiðslumark verðlagsársins samkvæmt lokauppgjöri ráðuneytisins var 144.999.999 lítrar. Skráð nýting var því 2,7% umfram greiðslumark.

Öllum sem tóku á móti mjólk til vinnslu árið 2021 var skylt að skila skýrslum um magn mjólkur til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Í töflu 2 er sýnd nýting greiðslumarks hjá hverri afurðastöð verðlagsárið 2021, ásamt magni mjólkur sem var nýtt til heimavinnslu á verðlagsárinu.

Tafla 2. Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2021.

Skýringar	Framleitt innan greiðslumarks	Framleitt umfram greiðslumark	Framleitt alls
Innvigtun hjá Auðhumla svf	128.686.341	3.410.648	132.096.989
Innvigtun hjá Mjólkursamlag KS	16.282.550	448.209	16.730.759
Heimavinnsla	31.108	0	31.108
Samtals Auðhumla og KS	144.999.999	3.858.857	148.858.856

Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og aðildarfélag SAM.

## ÞRÓUN INNVIGTUNAR, GREIÐSLUMARKS OG UMFRAMMJÓLKUR 2007 - 2021

Yfirlit um þróun skráðrar mjólkurframleiðslu, greiðslumarks, umframmjólkur, heimavinnslu og sértækra ráðstafana er birt í töflu 3 hér á eftir. Upplýsingar um skráða mjólkurframleiðslu hvers árs kemur frá skráningum vegna nýtingar á greiðslumarki. Bændasamtök Íslands önnuðust þær skráningar til ársins 2014 þegar Búnaðarstofa MAST tók við, en frá ársbyrjun 2020 fluttust skráningar til Atvinnuvega- og

nýsköpunarráðuneytisins. Skráð heimavinnsla er það magn mjólkur sem heimavinnsluaðilar gefa upp að þeir hafi nýtt til vinnslu, en sértækar ráðstafnir eru vegna náttúruhamfara.

Fram til 2011 var greiðslumarki úthlutað á verðlagsár sem skilgreind voru frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta árs. Verðlagsár voru færð til almanaksára með breytingu á árunum 2009 til 2010, en þá var eitt verðlagsár skilgreint í 16 mánuði frá 1. september 2009 til loka árs 2010. Línan fyrir það verðlagsár í töflu 3 sýnir því lengra tímabil en aðrar línur.

Tafla 3. Þróun innvigtunar, greiðslumarks og umfram mjólkur 2007 - 2021

Ár	Skráð mjólkurframleiðsla	Innan greiðslumarks	Umfram greiðslumark	Skráð heimavinnsla	Sértækar ráðstafnir
2006/2007	123.625.075	116.000.000	8.412.391	0	0
2007/2008	125.805.155	117.000.000	8.805.155	0	0
2008/2009	126.338.940	119.000.000	7.338.940	0	0
2009/2010	161.572.852	155.000.000	6.572.852	45.613	0
2011	124.793.051	116.000.000	8.890.953	51.628	0
2012	125.159.990	114.500.000	10.659.990	37.272	29.730
2013	122.984.859	116.000.000	6.984.859	39.636	32.700
2014	133.573.812	125.000.000	8.573.812	27.470	32.607
2015	146.054.236	140.000.642	6.053.594	36.745	16.942
2016	150.399.221	135.999.999	14.399.222	76.740	0
2017	151.204.701	144.000.001	7.204.700	87.836	0
2018	152.501.074	145.017.229	7.483.845	92.094	0
2019	151.864.653	145.000.001	6.864.652	25.985	0
2020	151.196.908	145.000.000	6.196.908	16.760	591.047
2021	148.858.856	144.999.999	3.858.857	31.108	0